

um setningu laga um starfsemi stjórn málaflokkanna.

Flm.: Sigurður E. Guðmundsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja í sumar lög, er marki meginlínur í starfsemi stjórn málaflokkanna. Með lögum þessum verði einnig stefnt að því að tryggja það, að lýðræðið verði virt innan þeirra, bæði að því er varðar stefnumótun, töku ákvarðana, er verulegu máli skipta, val frambjóðenda í almennum kosningum og kjör manna í æðstu stjórnir þeirra. Í lögnum skal einnig kveðið á um, hvernig fara skal með fjármál þeirra, og þeim gert að skyldu að gera opinbera grein árlega fyrir fjármálum sínum. Þar skal einnig sett takmark fyrir því, hve miklu fjármagni stjórn málaflokkar og aðrir þeir, er bjóða fram í almennum kosningum, mega verja til kosningabaráttunnar.

Greinargerð.

Þeir, sem sannfærðir eru um gildi lýðræðis og þingræðis, hljóta að geta fallizt á þá skoðun, að það njóti sín ekki til fulls, nema jafnframt sé m. a. tryggt, að lýðræðið sé í heiðri haft innan stjórn málaflokkanna og lýðræðisleg vinnubrögð viðhöfð þar. Svo mikilvæg eru þau samtök og svo mikilvægt er, að þau starfi á grundvelli meginreglna, er tryggi lýðræðisleg vinnubrögð innan þeirra, að flutningsmaður telur eðlilegt, að þeim séu settar vissar starfsreglur, er séu hinn lýðræðislegi starfsgrundvöllur þeirra. Reglur þessar kveði m. a. á um, hvar stefna viðkomandi flokks skuli mótuð, með hverjum hætti skuli skipað á framboðslista við almennar kosningar, hverjar stjórnarstofnanir hans skuli vera og með hverjum hætti ákvarðanir skuli þar teknar. Einnig er lagt til, að í lögnum verði sérstakur kafli um fjármál flokkanna og þeim þar gert að skyldu að birta árlega reikninga sína, er endurskoðaðir hafa verið af svörnum opinberum trúnaðarmönnum. Tíðum eru uppi getsakir í garð stjórn málaflokkanna um, að þeir hafi tekjur og noti fé, sem ekki sé fengið með hinum venjulega, almenna hætti. Því er ekki heldur að leyna, að fjármál stjórn málaflokkanna eru í augum almennings nánast sem lokuð bók. Flutningsmaður er sannfærður um, að verði flokkarnir skyldaðir til þess með lögum, að gerðu samkomulagi sín í milli, að birta árlega reikninga sína, er endurskoðaðir hafa verið af þar til kjörnum endurskoðendum hins opinbera, er allir gætu treyst, mundi tortryggni almennings af þessum sökum í garð flokkanna hverfa með öllu og andrúmsloftið þar með hreinsast til mikilla bóta. Þá er einnig lagt til, að flokkunum og frambjóðendum séu sett ákveðin takmörk að því er varðar notkun fjár í kosningabaráttunni. Það getur ekki talizt í fyllsta samræmi við leikreglur lýðræðisins, að fjársterkir stjórn málaflokkar beiti fjármagni sínu ótæpilega til áróðurs í kosningabaráttunni, en fjárvana flokkar hafi takmarkaða getu til að kynna málstað sinn og stefnu fyrir kjósendum. Í Bretlandi munu vera lög, er ákvarða, hve miklu fé frambjóðendur og stjórn málaflokkar mega verja til kosningabaráttunnar. Þau voru sett á sínum tíma fyrir forgöngu Verkamannaflokksins, og hefur flutningsmaður þessarar tillögu ekki orðið annars var en þau þyki nú orðið sjálfsögð leikregla þar í landi. Hið sama þyrfti að verða hér á landi.

Stjórn málaflokkarnir eru einhver mikilvægustu félagasamtök þjóðarinnar og meðal gildustu mættarstólpa, er bera uppi lýðræðisþjóðfélagið. Slíkar stöðir verða að vera heilar og ófeysknar, þær verða að vera eitt með því lýðræðisþjóðfélagi, er þær bera uppi. Að svo verði, verður bezt tryggt með því, að lög verði sett, er flokkarnir byggja starf sitt á. Háværar raddir eru nú uppi um lýðræðislegri vinnubrögð innan stjórn málaflokkanna, og hafa ýmis félagasamtök gert samþykktir þar að lúti. Slík lagasetning sem þessi á því greinilega mikinn hljómgrunn með þjóðinni.